

Hilmar Jónsson býður f.h. Eyrasparisjóðs og krefst útlagningar kr. 1.300.000,-.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.400.000,-.

Hilmar Jónsson býður f.h. Byggðasjóðs kr. 1.500.000,- og krefst útlagningar.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.550.000,-.

Hilmar Jónsson býður f.h. Byggðasjóðs kr. 1.700.000,- og krefst útlagningar.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.750.000,-.

Hilmar Jónsson býður f.h. Byggðasjóðs kr. 1.850.000,- og krefst útlagningar.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.900.000,-.

Fleiri boð komu ekki og er Erla Hafliðadóttir hæstbjóðandi með boð að fjárhæð kr. 1.900.000,-.

Söluutilraunum er þar með lokið og boðið samþykkt.

Föstudaginn 19. júní 1987.

Nr. 196/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Runólfi Þór Jónssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur verulega. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. júní 1987.

Lögregla í Reykjavík hefur undanfarið fylgst með ferðum Braga Sigurðssonar og Runólfs Þórs Jónssonar vegna gruns um fíkniefnamisferli þessara aðila. Komið hefur í ljós að Bragi hefur í nokkur skipti farið á fund með Runólfi Þór.

Upplýsingar bárust lögreglu frá tollgæslu í London, að hingað til lands væri væntanlegur maður er flytti innvortis fíkniefni. Við rannsókn féll grunur á Aiden Dawson Bates er hingað kom flugleiðis frá London aðfarnótt sl. mánudags. Aiden var handtekinn aðfarnótt mánudags á Hótel Loftleiðum eftir að Bragi Sigurðsson og Runólfur Þór Jónsson höfðu átt með honum fund. Aiden bar við dómsyfirheyrslu í gærdeg að hafa tekið að sér gegn fégreiðslu að flytja hingað til lands falin innvortis um 750 grömm af hassolíu og átt að afhenda efnið Braga Sigurðssyni.

Bragi Sigurðsson og Runólfur Þór Jónsson voru handteknir á Hótel Loftleiðum eftir framangreindan fund með Aiden og reyndist Bragi þá hafa tösku meðferðis sem innihélt m.a. um 620 grömm af hassolíu. Við dómsyfirheyrslu í gærdeg viðurkenndi Bragi að hafa tekið efnið hjá Aiden sem hafði rætt við Runólf Þór um markaðshorfur efnanna hér á landi. Þá kvað Bragi Ólaf son sinn er búsettur er erlendis hafa haft við sig simasamband og beðið sig að koma á sambandi milli framangreinds Aiden og Runólfs Þórs og kvaðst Bragi gruna að það samband væri tengt fíkniefnasmaskiptum nefndra aðila.

Runólfur Þór Jónsson hefur í dómsyfirheyrslu borið af sér alla aðild að máli þessu.

Niðurstöður:

Verið er að rannsaka meint brot Runólfs Þórs Jónssonar gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 16, 1986 og gætu meintar sakir ef sannaðar þættu varðað Runólf fangelsisrefsingu og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Eftir er að yfirheyra Runólf mun ítarlegar svo og hugsanleg vitni og/eða samseka og er framburður Runólfs mjög ótrúverðugur.

Með vísan til alls ofanritaðs og framlagðra skjala og loks með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu lögreglustjórans í Reykjavík og gera Runólfi að sæta gæsluvarðhaldi

í þágu rannsóknar málsins og telst gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt til kl. 18:00 miðvikudaginn 8. júlí nk.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Runólfur Þór Jónsson fæddur 13.4. 1956, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 18:00 miðvikudaginn 8. júlí nk.

Miðvikudaginn 24. júní 1987.

Nr. 202/1987. **Kristinn Bjarnason og
Erla Haraldsdóttir**

gegn

**Sigrúnu S. Danielsdóttur og
Ólafi Herði Sigtryggssyni**

Kærumál. Bein fógetagerð. Verkanir áfrýjunar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. þ.m., er barst Hæstarétti 18. þ.m. Kröfur þeirra eru þær, „*ad allega* að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að fresta framkvæmd innsetningar samkvæmt úrskurði fógetaréttar Akraness, uppkveðnum 8. maí 1987, gegn hæfilegri tryggingu af hálfu gerðarþola samkvæmt ákvörðun fógetaréttarins uns dómsniðurstaða Hæstaréttar Íslands liggur fyrir í því hæstaréttarmáli nr. 171/1987, sem skotið var til Hæstaréttar Íslands af umbjóðendum mínum með áfrýjunarstefnu útgefinni 22. maí 1987, en það mál var þingfest í Hæstarétti Íslands 1. júní 1987. *Til vara* er þess krafist að það skilyrði verði sett fyrir framkvæmd innsetningargerðarinnar að gerðarbeiðendum verði gert að setja